# Sveitarfélagið Árborg

## Ársreikningur 2013

## Efnisyfirlit

bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla bæjarstjórnar og framkvæmdastjóra | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 - 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 - 24 |


Sveitarfélagið Árborg
Kennitala 650598-2029
Austurvegi 2, 800 Selfoss

# Skýrsla bæjarstjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Rekstur sveitarfélagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Heildarvelta sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2013 nam 6.108,1 mkr. og er 188,8 mkr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins námu 4.317,1 mkr. og voru 20,1 mkr. yfir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 5.056,2 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 4.960,6 mkr.

Það er álit bæjarstjórnar sveitarfélagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Rekstrarniðurstaða A hluta er tap að fjárhæð 35,6 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir tapi að fjárhæð 229,5 mkr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er hagnaður að fjárhæð 404,6 mkr. og er afkoman 362,1 mkr. betri en gert var ráð fyrir í áætlun.

Íbúafjöldi Sveitarfélagsins Árborgar 1. desember 2013 var 7.898 en var þann 1. desember 2012 7.827. Íbúum fjölgaði um 71.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana þess fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Selfossi, 14. maí 2014

Bæjarstjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn samanstendur af ársreikningi fyrir bæjarsjóð (A-hluta) og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sveitarfélagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Sveitarfélagsins Árborgar á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Selfossi, 14. maí 2014

**PricewaterhouseCoopers ehf**

# Rekstrarreikningur ársins 2013

| | Skýr. | Bæjarsjóður A-hluti | | | Samantekin reikningsskil A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2013 | Fjárh.áætl. | 2012 | 2013 | Fjárh.áætl. | 2012 |
| **Tekjur** | 2 | | | | | | |
| Skatttekjur | | 3.319.403 | 3.328.900 | 3.154.064 | 3.287.058 | 3.328.900 | 3.123.869 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | | 1.030.005 | 968.100 | 909.660 | 1.030.005 | 968.100 | 909.660 |
| Aðrar tekjur | | 706.811 | 663.574 | 653.478 | 1.791.023 | 1.622.334 | 1.550.456 |
| | | 5.056.218 | 4.960.574 | 4.717.203 | 6.108.085 | 5.919.334 | 5.583.985 |
| **Gjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 2.785.265 | 2.729.947 | 2.584.284 | 2.892.836 | 2.848.512 | 2.679.172 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 3 | 20.956 | 34.300 | 31.795 | 22.167 | 34.300 | 29.600 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 1.764.155 | 1.868.233 | 1.538.594 | 1.970.812 | 2.129.284 | 1.696.054 |
| | | 4.570.376 | 4.632.480 | 4.154.674 | 4.885.815 | 5.012.096 | 4.404.826 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir** | | 485.842 | 328.094 | 562.529 | 1.222.271 | 907.238 | 1.179.159 |
| Afskriftir | 6 | (236.480) | (237.019) | (234.863) | (361.197) | (400.838) | (364.066) |
| **Niðurstaða án fjármagnsliða** | | 249.362 | 91.075 | 327.666 | 861.074 | 506.400 | 815.093 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 4 | (284.936) | (320.555) | (423.704) | (441.635) | (445.126) | (614.621) |
| **Niðurstaða fyrir reiknaðan tekjuskatt** | | (35.574) | (229.480) | (96.038) | 419.439 | 61.274 | 200.472 |
| Reiknaður tekjuskattur | 12 | 0 | 0 | 0 | (14.814) | (18.718) | (24.787) |
| **Rekstrarniðurstaða** | 5 | (35.574) | (229.480) | (96.038) | 404.625 | 42.556 | 175.684 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

| Eignir | Skýr. | Bæjarsjóður A-hluti 2013 | Bæjarsjóður A-hluti 2012 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2013 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2012 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | | | |
| Fasteignir og lóðir | | 7.187.233 | 7.101.980 | 7.747.180 | 8.580.496 |
| Leigufjármunir | | 75.709 | 81.889 | 75.709 | 81.889 |
| Veitukerfi og gatnakerfi | | 504.245 | 478.920 | 2.528.404 | 2.334.479 |
| Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki | | 103.891 | 110.344 | 128.465 | 121.335 |
| | | 7.871.078 | 7.773.133 | 10.479.758 | 11.118.200 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 7 | 396.857 | 426.857 | 396.393 | 426.393 |
| Langtímakröfur | 8 | 93.158 | 38.467 | 93.158 | 38.467 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 97.933 | 449.248 | 0 | 0 |
| | | 587.947 | 914.571 | 489.551 | 464.860 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 8.459.025 | 8.687.704 | 10.969.309 | 11.583.060 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Vörubirgðir | | 0 | 0 | 18.127 | 17.254 |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 9 | 349.514 | 432.104 | 442.983 | 517.626 |
| Næsta árs afb. langtímakrafna | 8 | 41.538 | 17.384 | 41.538 | 17.384 |
| Næsta árs afborganir B-hluta | | 0 | 49.775 | 0 | 0 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki | | 568.202 | 451.220 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 9 | 317.244 | 285.436 | 347.089 | 293.568 |
| Handbært fé | | 110.510 | 182.634 | 125.206 | 220.219 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 1.387.007 | 1.418.554 | 974.944 | 1.066.052 |
| **Eignir samtals** | | 9.846.033 | 10.106.258 | 11.944.252 | 12.649.111 |
| **Niðurfærsla skammtímakrafna** | 9 | | | | |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | Bæjarsjóður A-hluti 2013 | Bæjarsjóður A-hluti 2012 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2013 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2012 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eigið fé | 10 | 1.911.430 | 1.947.003 | 3.513.293 | 3.220.404 |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 11 | 1.327.601 | 1.266.644 | 1.421.957 | 1.359.711 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 12 | 0 | 0 | 49.141 | 34.327 |
| | | 1.327.601 | 1.266.644 | 1.471.098 | 1.394.038 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 13 | 4.576.323 | 4.637.792 | 5.384.467 | 6.393.569 |
| Leiguskuld | 14 | 179.262 | 183.532 | 179.262 | 183.532 |
| | | 4.755.585 | 4.821.324 | 5.563.729 | 6.577.101 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 176.423 | 195.353 | 225.159 | 238.390 |
| Næsta árs afb. langtímaskulda | 13 | 589.819 | 589.871 | 681.860 | 721.098 |
| Næsta árs afb. leiguskuldar | 14 | 10.160 | 9.226 | 10.160 | 9.226 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 705.792 | 910.496 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 369.223 | 366.341 | 478.953 | 483.290 |
| Ógreidd opinber gjöld | 12 | 0 | 0 | 0 | 5.563 |
| | | 1.851.417 | 2.071.287 | 1.396.132 | 1.457.568 |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | 7.934.603 | 8.159.255 | 8.430.959 | 9.428.707 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 9.846.033 | 10.106.258 | 11.944.252 | 12.649.111 |

**Aðrar upplýsingar** 15-16

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2013

| | Bæjarsjóður A-hluti | | | Samantekin reikningsskil A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | Fjárh.áætl. | 2012 | 2013 | Fjárh.áætl. | 2012 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | |
| Rekstrarafkoma ársins | (35.574) | (229.480) | (96.038) | 404.625 | 42.556 | 175.684 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | |
| Söluhagnaður eigna | (2.918) | (20.000) | (27.705) | (116.281) | (17.116) | (31.881) |
| Afskriftir | 236.480 | 237.019 | 234.863 | 361.197 | 400.838 | 364.066 |
| Verðbætur og gengismunur | 143.758 | 192.090 | 233.286 | 207.857 | 275.309 | 340.101 |
| Breyting tekjuskattsskuldbindingar | 0 | 0 | 0 | 14.814 | 0 | 19.224 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 102.176 | 0 | 101.702 | 109.012 | 0 | 104.836 |
| **Veltufé frá rekstri** | 443.922 | 179.630 | 446.107 | 981.224 | 701.587 | 972.032 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða: | | | | | | |
| Vörubirgðir | 0 | 0 | 0 | (873) | 0 | (1.935) |
| Óinnheimtar tekjur | 74.521 | 0 | 1.135 | 74.521 | 0 | 1.135 |
| Aðrar skammtímakröfur | (23.738) | 159.000 | (34.246) | (53.399) | 159.000 | (22.965) |
| Skammtímaskuldir | (16.047) | 0 | 82.901 | (23.131) | (1.195) | 98.642 |
| Lífeyrisskuldbinding | 0 | (19.000) | 0 | 0 | (19.000) | 0 |
| | 34.736 | 140.000 | 49.791 | (2.883) | 138.805 | 74.876 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 478.657 | 319.630 | 495.898 | 978.341 | 840.392 | 1.046.908 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | (335.207) | (370.950) | (366.871) | (671.840) | (671.550) | (651.952) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | 3.700 | 30.000 | 255.000 | 1.065.366 | 338.000 | 40.495 |
| Eignarhluti í félögum, breyting | 30.000 | 27.000 | (500) | 30.000 | 27.000 | 0 |
| Langtímakröfur, breyting | (78.845) | (8.572) | 17.055 | (78.845) | (8.572) | 17.055 |
| Langtímakr. eigin stofnanir, breyting | 420.895 | 50.794 | (37.312) | 0 | 0 | 0 |
| | 40.543 | (271.727) | (132.627) | 344.681 | (315.122) | (594.402) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | |
| Framlög frá eigin stofnunum | 0 | (43.154) | 0 | (111.736) | (136.357) | (93.205) |
| Tekin ný langtímalán | 385.000 | 385.000 | 351.000 | 465.000 | 465.000 | 351.000 |
| Afborganir langtímal. og leiguskuldar | (613.420) | (617.789) | (749.466) | (1.714.217) | (1.027.817) | (771.417) |
| Afborganir lífeyrisskuldbindinga | (41.219) | 0 | (35.857) | (46.766) | 0 | (41.046) |
| Eignarhluti íbúa, breyting | 0 | 0 | 0 | (10.316) | 0 | 0 |
| Eigin fyrirtæki, breyting | (321.686) | 75.704 | (13.538) | 0 | 0 | 0 |
| | (591.325) | (200.239) | (447.862) | (1.418.035) | (699.174) | (554.668) |
| **Lækkun á handbæru fé** | (72.124) | (152.336) | (84.591) | (95.013) | (173.903) | (102.162) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 182.634 | 182.634 | 267.225 | 220.219 | 220.218 | 322.381 |
| **Handbært fé í árslok** | 110.510 | 30.298 | 182.634 | 125.206 | 46.315 | 220.219 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar velferðarráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Til bæjarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð, þjónustumiðstöð og Fasteignafélag Árborgar slf og ehf. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu Sveitarfélagsins Árborgar, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Byggingasjóður aldraðra, Leigubústaðir Árborgar ehf, Fráveita, Vatnsveita, Selfossveitur bs, Björgunarmiðstöð Árborgar og Sandvíkursetur ehf.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur bæjarsjóðs (A hluta) og samstæðu (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

### 1.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

### 1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á skuldir í árslok.

# Skýringar

### 1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 40 ár |
| Leigufjármunur | 25 ár |
| Veitukerfi | 10 - 40 ár |
| Gatnakerfi | 25 ár |
| Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki | 5-15 ár |

Afskriftir eru reiknaðar á söluári en ekki á kaupári.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarniðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða eru þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

### 1.6 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

### 1.7 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

### 1.8 Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

### 1.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

### 1.10 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

# Skýringar

### 1.11 Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2013. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 11.

### 1.12 Tekjuskattsskuldbinding

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

### 1.13 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2014. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 1.14 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun með viðaukum fyrir árið 2013 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

### 1.15 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

## 2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2013 | Áætlun | 2013 | Áætlun |
| Skatttekjur: | | | | |
| Útsvör | 2.765.725 | 2.666.400 | 2.765.725 | 2.666.400 |
| Fasteignaskattar | 449.049 | 559.500 | 416.704 | 559.500 |
| Lóðarleiga | 104.628 | 103.000 | 104.628 | 103.000 |
| | 3.319.403 | 3.328.900 | 3.287.058 | 3.328.900 |
| Jöfnunarsjóður: | | | | |
| Tekjujöfnunarframlag | 391.254 | 306.000 | 391.254 | 306.000 |
| Rekstrarframlag grunnskóla | 251.331 | 247.000 | 251.331 | 247.000 |
| Framlag vegna fasteignaskattstekna | 102.417 | 104.700 | 102.417 | 104.700 |
| Framlag vegna nýbúa | 4.680 | 4.800 | 4.680 | 4.800 |
| Framlag vegna fatlaðra | 280.323 | 305.600 | 280.323 | 305.600 |
| | 1.030.005 | 968.100 | 1.030.005 | 968.100 |
| Skatttekjur samtals | 4.349.408 | 4.297.000 | 4.317.063 | 4.297.000 |
| Aðrar tekjur | 706.811 | 663.574 | 1.791.023 | 1.622.334 |
| Rekstrartekjur samtals | 5.056.218 | 4.960.574 | 6.108.085 | 5.919.334 |
| Íbúafjöldi | 7.898 | 7.912 | 7.898 | 7.912 |
| Skatttekjur á íbúa | 551 | 543 | 547 | 543 |

## 3. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2013 | Áætlun | 2013 | Áætlun |
| Laun | 2.230.962 | 2.160.394 | 2.317.951 | 2.252.289 |
| Launatengd gjöld | 554.303 | 569.553 | 574.885 | 596.223 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 20.956 | 34.300 | 22.167 | 34.300 |
| | 2.806.221 | 2.764.247 | 2.915.003 | 2.882.812 |

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og framkvæmdastjóra námu 42,4 millj. kr. á árinu 2013.

# Skýringar

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2013 | Áætlun | 2013 | Áætlun |
| Vaxtatekjur | 103.311 | 339.205 | 44.354 | 338.825 |
| Tekjur af eignarhlutum í félögum | 15.084 | 5.000 | 15.084 | 5.000 |
| Framlag eigin stofnana | 111.736 | 93.203 | 111.736 | 93.203 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | (515.067) | (757.963) | (612.809) | (882.154) |
| | (284.936) | (320.555) | (441.635) | (445.126) |

## 5. Heildaryfirlit um rekstur

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður: | | | | |
| Skatttekjur | 0 | 4.464.794 | 4.464.794 | 4.297.000 |
| Félagsþjónusta | 849.712 | 201.149 | (648.563) | (710.293) |
| Fræðslu- og uppeldismál | 2.801.255 | 296.799 | (2.504.455) | (2.442.465) |
| Menningarmál | 141.142 | 6.967 | (134.175) | (127.264) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 933.054 | 427.301 | (505.753) | (502.481) |
| Brunamál og almannavarnir | 70.324 | 0 | (70.324) | (59.591) |
| Hreinlætismál | 130.849 | 115.842 | (15.008) | (13.648) |
| Skipulags- og byggingarmál | 144.677 | 11.470 | (133.207) | (115.447) |
| Umferðar- og samgöngumál | 221.090 | 6.767 | (214.323) | (204.108) |
| Umhverfismál | 136.706 | 6.211 | (130.495) | (119.283) |
| Atvinnumál | 23.546 | 630 | (22.916) | (26.577) |
| Sameiginlegur kostnaður | 280.311 | 108.828 | (171.483) | (192.918) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 20.956 | 0 | (20.956) | (34.300) |
| Framlag til Björgunarmiðstöðvar | 56.539 | 0 | (56.539) | (43.154) |
| Fjármagnsliðir | 302.260 | 560.917 | 258.657 | 224.129 |
| Millivelta | (535.476) | (535.476) | 0 | 0 |
| Aðalsjóður samtals | 5.576.946 | 5.672.200 | 95.254 | (70.400) |
| | | | | |
| Eignasjóður | 648.496 | 646.587 | (1.909) | 19.498 |
| Þjónustumiðstöð | 101.096 | 115.505 | 14.409 | (16.057) |
| Fasteignafélag Árborgar | 314.960 | 171.633 | (143.327) | (162.522) |
| Millivelta | (988.788) | (988.788) | 0 | 0 |
| Bæjarsjóður samtals | 5.652.709 | 5.617.136 | (35.574) | (229.480) |
| | | | | |
| Byggingasjóður aldraðra | 48.206 | 23.676 | (24.530) | (21.777) |
| Leigubústaðir Árborgar | 89.225 | 198.932 | 109.707 | (12.668) |
| Fráveita | 72.535 | 252.317 | 179.782 | 180.030 |
| Vatnsveita | 56.935 | 215.597 | 158.662 | 93.808 |
| Selfossveitur | 449.915 | 476.232 | 26.317 | 28.801 |
| Björgunarmiðstöð Árborgar | 12.884 | 43.154 | 30.270 | 30.270 |
| Sandvíkursetur ehf | 48.508 | 8.498 | (40.010) | (26.428) |
| Millivelta | (166.539) | (166.539) | 0 | 0 |
| Sjóðir í B-hluta samtals | 611.668 | 1.051.867 | 440.198 | 272.036 |
| | | | | |
| Samantekið samtals | 6.264.378 | 6.669.002 | 404.625 | 42.556 |

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

| | Fasteignir | Leigufjármunur | Gatnakerfi | Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Bæjarsjóður: | | | | | |
| Bókfært verð 1/1 ............ | 7.101.980 | 81.889 | 478.920 | 110.344 | 7.773.133 |
| Viðbót á árinu ................. | 266.620 | | 48.121 | 20.466 | 335.207 |
| Selt á árinu ..................... | | | | (782) | (782) |
| Afskrifað á árinu ............ | (181.367) | (6.180) | (22.796) | (26.137) | (236.480) |
| Bókfært verð 31/12 ......... | 7.187.233 | 75.709 | 504.245 | 103.891 | 7.871.078 |

| | Fasteignir | Leigufjármunur | Veitu- og gatnakerfi | Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Samantekið: | | | | | |
| Bókfært verð 1/1 ............ | 8.580.496 | 81.889 | 2.334.479 | 121.335 | 11.118.200 |
| Viðbót á árinu ................. | 334.822 | | 300.095 | 36.923 | 671.840 |
| Selt á árinu ..................... | (946.915) | | | (2.170) | (949.085) |
| Afskrifað á árinu ............ | (221.223) | (6.180) | (106.170) | (27.623) | (361.197) |
| Bókfært verð 31/12 ......... | 7.747.180 | 75.709 | 2.528.404 | 128.465 | 10.479.758 |

Í lok ársins seldu Leigubústaðir Árborgar ehf. allar fasteignir sínar til Leigubústaða Árborgar ses.

Vátryggingarverðmæti, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna sveitarsjóðs og B hluta stofnana, greinist þannig í árslok:

| | Vátryggingar-verðmæti | Fasteigna-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Bæjarsjóður: | | | |
| Skólahúsnæði ........................................ | 5.234.680 | 2.247.530 | 1.984.433 |
| Leikskólar ........................................ | 1.301.244 | 625.151 | 760.453 |
| Íþróttahús og sundlaugar ........................................ | 822.280 | 384.320 | 940.024 |
| Þjónustuhúsnæði ........................................ | 1.616.550 | 716.798 | 956.604 |
| Gatnakerfi ........................................ | | | 504.245 |
| Vélar og áhöld ........................................ | | | 103.891 |
| Leigulóðir ........................................ | | | 2.056.413 |
| Leigufjármunur ........................................ | | | 75.709 |
| Aðrar eignir ........................................ | 19.000 | 57.055 | 489.306 |
| Samtals bæjarsjóður ........................................ | 8.993.754 | 4.030.854 | 7.871.078 |

# Skýringar

| | Vátryggingar-verðmæti | Fasteigna-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| B-hluta stofnanir: | | | |
| Íbúðarhúsnæði | 683.800 | 455.960 | 162.495 |
| Veitukerfi | 0 | 0 | 2.024.159 |
| Aðrar fasteignir | 1.097.076 | 672.280 | 397.452 |
| Aðrir rekstrarfjármunir | 0 | 0 | 24.574 |
| Samtals B-hluta stofnanir | 1.780.876 | 1.128.240 | 2.608.680 |
| | | | |
| Samantekið samtals | 10.774.630 | 5.159.094 | 10.479.758 |

Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga hafa tilteknar eignir sveitarfélagsins verið gjaldfærðar og því ekki færðar í efnahagsreikning.

### Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti fráveitu nemur 2.910 mkr., vatnsveitu 2.757 mkr. og hitaveitu 4.333 mkr.

### Lausafjármunir

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Ráðhús og bókasafn | 355.276 |
| Íþróttamannvirki | 40.960 |
| Skólahúsnæði | 347.344 |
| Áhaldahús | 34.373 |
| Leikskólar og gæsluvellir | 181.972 |
| Skólavistun | 8.002 |
| Félagsmiðstöð/ungmennahús | 22.877 |
| Sandvíkursetur | 61.982 |
| Íbúðir aldraðra | 18.032 |
| | 1.070.818 |

# Skýringar

## 7. Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum greinist þannig:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Hf Eimskipafélag Íslands | 6 | 6 |
| Kaupfélag Árnesinga svf. | 193 | 193 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf | 270.102 | 270.102 |
| Landskerfi bókasafna hf. | 1.554 | 1.554 |
| Sandvíkursetur ehf | 500 | 0 |
| Borgarþróun ehf | 15.258 | 15.258 |
| Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands | 41.724 | 41.724 |
| Háskólasamfélag Suðurlands ehf | 25.667 | 25.667 |
| Vatnsveita Gaulverja | 33 | 33 |
| Netorka hf | 0 | 36 |
| Norðurvegur ehf | 600 | 600 |
| Slökkvibúnaður ehf | 228 | 228 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf | 8.198 | 8.198 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf | 32.794 | 32.794 |
| | 396.857 | 396.393 |

Sveitarfélagið Árborg á 89% eignarhlut í Borgarþróun ehf. Eigið fé félagsins var í árslok 2012, 57,1 millj. kr. Ársreikningur Borgarþróunar ehf vegna ársins 2013 lá ekki fyrir við lok reikningsskila Sveitarfélagsins Árborgar. Félagið hefur ekki verið tekið inn í samstæðureikningsskil sveitarfélagsins.

## 8. Langtímakröfur

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Verðtryggðar kröfur, vextir 2,4-5% | 138.196 | 138.196 |
| Óverðtryggðar kröfur, meðalvextir 5,75% | 87.550 | 87.550 |
| Niðurfært | (91.050) | (91.050) |
| Verðbréfaeign samtals að meðtöldum næsta árs afborgunum | 134.696 | 134.696 |
| Næsta árs afborganir og vanskil | (41.538) | (41.538) |
| | 93.158 | 93.158 |

Afborganir af verðbréfaeign greinast þannig á næstu ár:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Vanskil | 3.666 | 3.666 |
| Árið 2014 | 37.872 | 37.872 |
| Árið 2015 | 3.050 | 3.050 |
| Árið 2016 | 3.020 | 3.020 |
| Árið 2017 | 2.545 | 2.545 |
| Árið 2018 | 2.464 | 2.464 |
| Síðar | 82.080 | 82.080 |
| | 134.696 | 134.696 |

# Skýringar

## 9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla óinnheimtra tekna, skammtímakrafna og verðbréfaeignar greinist þannig:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Afskriftareikningur í ársbyrjun | 397.590 | 455.533 |
| Afskrifaðar og niðurfelldar kröfur á árinu | (4.283) | (4.283) |
| Breytingar afskriftaframlags á árinu | (21.227) | (35.427) |
| Afskriftareikningur í árslok | 372.080 | 415.823 |

## 10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 1.947.003 | 3.220.404 |
| Framlag veitna | 0 | (111.736) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (35.574) | 404.625 |
| Eigið fé 31/12 | 1.911.430 | 3.513.293 |

## 11. Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Um er að ræða áætlaðan hluta launagreiðanda í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna sveitarfélagsins í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Útreikningurinn, sem miðast við árslok 2013, er gerður af tryggingastærðfræðingi eftir sömu forsendum og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hlutur launagreiðanda er áætlaður 52% í bæjarsjóði og 67% í Selfossveitum.

| Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig: | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1/1 | 1.266.644 | 1.359.711 |
| Greiddur lífeyrir | (41.219) | (46.766) |
| Breyting á árinu | 102.176 | 109.012 |
| | 1.327.601 | 1.421.957 |

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Árin 2014-2018 | 281.043 | 319.756 |
| Árin 2019-2023 | 320.458 | 353.439 |
| Árin 2024-2028 | 291.434 | 301.656 |
| Síðar | 434.666 | 447.106 |
| | 1.327.601 | 1.421.957 |

# Skýringar

## 12. Tekjuskattsskuldbinding

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding 1.1. | (34.327) |
| Reiknaður tekjuskattur af rekstrarniðurstöðu ársins | (14.814) |
| | (49.141) |

Tekjuskattsinneign (-skuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (70.535) |
| Eignarhlutir í félögum | 13 |
| Viðskiptakröfur | 13.741 |
| Vörubirgðir | (326) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 7.967 |
| | (49.141) |

## 13. Langtímaskuldir

| Bæjarsjóður: | Staða 1.1. 2013 | Ný lán | Afborganir | Verðbætur, gengismunur | Eftirstöðvar 31.12.2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Verðtryggð lán | 4.889.110 | 385.000 | (513.665) | 179.190 | 4.939.636 |
| Óverðtryggð lán | 10.926 | | (10.920) | | 5 |
| Gengistryggð lán | 327.626 | | (79.379) | (21.746) | 226.501 |
| Langtímaskuldir samt. | 5.227.662 | 385.000 | (603.964) | 157.444 | 5.166.142 |

| Samantekið: | Staða 1.1. 2013 | Ný lán | Afborganir | Verðbætur, gengismunur | Eftirstöðvar 31.12.2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Verðtryggð lán | 6.680.042 | 465.000 | (1.610.209) | 242.727 | 5.777.560 |
| Óverðtryggð lán | 14.084 | | (14.078) | | 5 |
| Gengistryggð lán | 420.541 | | (100.873) | (30.907) | 288.762 |
| Langtímaskuldir samt. | 7.114.667 | 465.000 | (1.725.161) | 211.821 | 6.066.327 |

| Yfirlit um langtímaskuldir: | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 4,37% | 4.939.636 | 5.777.560 |
| Innlend óverðtryggð lán, meðalvextir 4% | 5 | 5 |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum, meðalvextir 1,75% | 226.501 | 288.762 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t næsta árs afborganir | 5.166.142 | 6.066.328 |
| Næsta árs afborganir | (589.819) | (681.860) |
| | 4.576.323 | 5.384.467 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 2014 | 589.819 | 681.860 |
| Árið 2015 | 567.766 | 660.616 |
| Árið 2016 | 553.172 | 646.861 |
| Árið 2017 | 492.078 | 565.884 |
| Árið 2018 | 439.446 | 514.158 |
| Síðar | 2.523.861 | 2.996.949 |
| Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir | 5.166.142 | 6.066.328 |

# Skýringar

## 14. Leiguskuld

Sveitarfélagið hefur gert leigusamning um fasteign sem færður er til skuldar. Leigusamningurinn er tengdur undirvísitölu byggingarkostnaðar sem er tengd húsasmíði og greinist þannig:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Núvirði samnings, vextir 6,5% | | |
| Samningur um Tónlistarskóla | 189.422 | 189.422 |
| Núvirði næsta árs afborgana | (10.160) | (10.160) |
| | 179.262 | 179.262 |

Afborganir af leigusamningi greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 2014 | 10.160 | 10.160 |
| Árið 2015 | 10.841 | 10.841 |
| Árið 2016 | 11.567 | 11.567 |
| Árið 2017 | 12.341 | 12.341 |
| Árið 2018 | 13.168 | 13.168 |
| Síðar | 131.345 | 131.345 |
| | 189.422 | 189.422 |

Heildargreiðslur vegna leigusamningsins á árinu 2013 námu 22 milljónum króna.

Í janúar 2014 keypti sveitarfélagið einkahlutafélagið Verktækni ehf. Verktækni ehf. á og rekur húsnæðið sem sveitarfélagið hefur verið með á leigu.

## 15. Aðrar upplýsingar

### Ábyrgðarskuldbinding

Bæjarsjóður ber ábyrgð á lánum sem Samband sunnlenskra sveitarfélaga tók vegna húsnæðiskaupa. Eftirstöðvar lánsins í árslok 2013 voru kr. 8,2 mkr. Lánið er á nafni SASS og greiða aðildarsveitarfélög það niður með framlögum til samtakanna.

Bæjarsjóður ber ábyrgð á láni sem Brunavarnir Árnessýslu tók vegna kaupa á bifreið til slökkvistarfa. Eftirstöðvar lánsins í árslok 2013 voru kr. 48,3 mkr. Lánið er á nafni Brunavarna Árnessýslu og greiða aðildarsveitarfélög það niður með framlögum.

Fasteignafélag Árborgar slf hefur keypt ábyrgð viðskiptabankans vegna endurgreiðslu á innskatti af byggingarkostnaði Fasteignafélagsins Árborgarar slf að fjárhæð kr. 54,9 mkr.

Bæjarsjóður ber ábyrgð á lánum sem Leigubústaðir Árborgar ses. yfirtók við kaup félagsins á öllum eignum Leigubústaða Árborgar ehf. Eftirstöðvar lánanna í árslok 2013 voru 676,5 mkr.

# Skýringar

### Önnur atriði

Bæjarfélagið er eignaraðili að Brunavörnum Árnessýslu og Sorpstöð Suðurlands ásamt öðrum sveitarfélögum, en félög þessi eru rekin sem sjálfstæð fyrirtæki þessara sveitarfélaga. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir fyrirtækin.

Í kjölfar samnings milli Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar, um öflun og sölu vatns til Flóahrepps var farið út í ýmsar framkvæmdir við að leggja nýja stofna og styrkja dreifikerfi Vatnsveitu Flóahrepps og Vatnsveitu Árborgar að sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps. Landsvirkjun sá um framkvæmdirnar. Í samningnum um öflun og sölu vatns, sem gerður var milli Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar dags. 26. apríl 2010, kemur fram að Flóahreppur eignist inneign sem svarar til kostnaðar Landsvirkjunar við framkvæmdir innan Árborgar og að inneignin skuli koma til greiðslu vatnsgjalds fyrir mælda vatnsnotkun. Áætlaður framkvæmdakostnaður í lok árs 2013 nam 123 mkr. Reikningsfært vatnsgjald á Flóahrepp nam rúmum 12 mkr., en hvorki hefur framkvæmdakostnaður verið færður til eignar né hafa fyrirfram innheimt vatnsgjöld verið færð til skuldar í ársreikningi sveitarfélagsins.

### Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

# Skýringar

## 16. Lykiltölur

| | Bæjarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2013 | Áætlun | 2013 | Áætlun |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | |
| Útsvar | 54,7% | 53,8% | 45,3% | 45,0% |
| Fasteignaskattur | 8,9% | 11,3% | 6,8% | 9,5% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 20,4% | 19,5% | 16,9% | 16,4% |
| Lóðarleiga | 2,1% | 2,1% | 1,7% | 1,7% |
| Skatttekjur samtals | 86,0% | 86,6% | 70,7% | 72,6% |
| | | | | |
| Aðrar tekjur | 14,0% | 13,4% | 29,3% | 27,4% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 55,1% | 55,0% | 47,4% | 48,1% |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | 0,4% | 0,7% | 0,4% | 0,6% |
| Annar rekstrarkostnaður | 34,9% | 37,7% | 32,3% | 36,0% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 9,6% | 6,6% | 20,0% | 15,3% |
| Afskriftir | 4,7% | 4,8% | 5,9% | 6,8% |
| (Fjármunatekjur) og fjármagnsgjöld | 5,6% | 6,5% | 7,2% | 7,5% |
| Reiknaðir skattar | 0,0% | 0,0% | 0,6% | 0,0% |
| Rekstrarniðurstaða | -0,7% | -4,6% | 6,6% | 0,7% |
| | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri | 8,8% | 3,6% | 16,1% | 11,9% |
| Handbært fé frá rekstri | 9,5% | 6,4% | 16,0% | 14,2% |
| Fjárfestingahreyfingar | 0,8% | -5,5% | 5,6% | -5,3% |
| | | | | |
| **Á íbúa:** | | | | |
| **Rekstur:** | | | | |
| Skatttekjur | 551 | 543 | 547 | 543 |
| Aðrar tekjur | 89 | 84 | 227 | 205 |
| Laun og launatengd gjöld | (355) | (349) | (369) | (364) |
| Annar rekstrarkostnaður | (223) | (236) | (250) | (269) |
| Afskriftir | (30) | (30) | (46) | (51) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (36) | (41) | (56) | (56) |
| Rekstrarniðurstaða | (5) | (29) | 53 | 8 |
| | | | | |
| | **2013** | **2012** | **2013** | **2012** |
| **Efnahagur:** | | | | |
| Eignir | 1.247 | 1.291 | 1.512 | 1.616 |
| Eigið fé | 242 | 249 | 445 | 411 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 168 | 162 | 180 | 174 |
| Leiguskuld | 23 | 23 | 23 | 23 |
| Skuldir án skuldbindinga og leiguskuldar | 814 | 857 | 865 | 1.007 |
| | | | | |
| | **2013** | **Áætlun** | **2013** | **Áætlun** |
| **Sjóðstreymi:** | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 61 | 40 | 124 | 132 |
| | | | | |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 0,75 | 0,49 | 0,70 | 0,56 |
| Eiginfjárhlutfall | 19,4% | 17,0% | 29,4% | 24,1% |
| Skuldahlutfall | 156,9% | 165,0% | 138,0% | 156,1% |
| Skuldahlutfall skv. reglugerð 502/2012 | 148,3% | 156,0% | 130,7% | 148,5% |
| Ebitda | 485.842 | 328.094 | 1.222.271 | 907.238 |

# Skýringar

## 16. Lykiltölur, framhald

**Bæjarsjóður (A-hluti)**

| | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | |
| Útsvar | 54,7% | 55,2% | 53,4% | 57,7% | 62,3% |
| Fasteignaskattur | 8,9% | 9,6% | 9,6% | 12,1% | 13,1% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 20,4% | 19,3% | 18,7% | 13,1% | 11,7% |
| Lóðarleiga | 2,1% | 2,1% | 2,1% | 2,7% | 2,8% |
| Skatttekjur samtals | 86,0% | 86,1% | 83,8% | 85,6% | 89,9% |
| | | | | | |
| Aðrar tekjur | 14,0% | 13,9% | 16,2% | 14,4% | 10,1% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| | | | | | |
| Laun og launat. gjöld | 55,1% | 54,8% | 54,2% | 54,7% | 59,6% |
| Lífeyrissk.b. breyting | 0,4% | 0,7% | 0,4% | 0,7% | 2,0% |
| Annar rekstrarkostnaður | 34,9% | 32,6% | 33,0% | 35,0% | 34,0% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 9,6% | 11,9% | 12,5% | 9,5% | 4,4% |
| Afskriftir | 4,7% | 5,0% | 5,1% | 5,6% | 5,5% |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 5,6% | 9,0% | 11,4% | 5,5% | 15,6% |
| Rekstrarniðurstaða | -0,7% | -2,0% | -4,0% | -1,6% | -16,7% |
| | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | 9,5% | 10,5% | 7,0% | 5,6% | 4,6% |
| Fjárfestingahreyfingar | 0,8% | -2,8% | -5,7% | -4,7% | -18,2% |
| | | | | | |
| **Á íbúa:** | | | | | |
| ***Rekstur*** | | | | | |
| Skatttekjur | 551 | 519 | 493 | 423 | 417 |
| Aðrar tekjur | 89 | 80 | 90 | 69 | 47 |
| Söluhagnaður (tap) | 0 | 4 | 5 | 2 | 0 |
| Laun og launat. gjöld | (353) | (330) | (318) | (271) | (277) |
| Lífeyrissk.b. breyting | (3) | (4) | (2) | (3) | (9) |
| Annar rekstrarkostnaður | (223) | (197) | (194) | (173) | (158) |
| Afskriftir | (30) | (30) | (30) | (28) | (25) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (36) | (54) | (67) | (27) | (72) |
| Rekstrarniðurstaða | (5) | (12) | (23) | (8) | (78) |
| | | | | | |
| ***Efnahagur:*** | | | | | |
| Eignir | 1.247 | 1.291 | 1.299 | 1.291 | 1.010 |
| Eigið fé | 242 | 249 | 274 | 277 | 51 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 168 | 162 | 154 | 144 | 142 |
| Leiguskuld | 23 | 23 | 24 | 26 | 0 |
| Skuldir án leiguskuldar og skuldbindinga | 814 | 857 | 847 | 843 | 817 |
| | | | | | |
| ***Sjóðstreymi*** | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 60,6 | 63,4 | 41,3 | 28,0 | 21,5 |

# Skýringar

## 16. Lykiltölur, framhald

| Aðrar lykiltölur: | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við langtímaskuldir mælt í árum .......... | 9,6 | 9,4 | 14,9 | 21,30 | 28,3 |
| | | | | | |
| Veltufjárhlutfall ................ | 0,75 | 0,68 | 0,72 | 0,77 | 0,83 |
| Eiginfjárhlutfall ................. | 19,4% | 19,3% | 21,1% | 21,5% | 5,1% |
| | | | | | |
| Útsvarsprósenta .............. | 14,48 | 14,48 | 14,48 | 13,28 | 13,28 |
| Fasteignaskattsprósenta: | | | | | |
| A-liður .............................. | 0,3 | 0,325 | 0,35 | 0,35 | 0,276 |
| B-liður .............................. | 1,32 | 1,32 | 1,32 | 1,32 | 1,32 |
| C-liður ............................. | 1,65 | 1,65 | 1,65 | 1,65 | 1,472 |
| | | | | | |
| Íbúafjöldi .......................... | 7.898 | 7.827 | 7.785 | 7.822 | 7.825 |
| Breyting frá fyrra ári% ...... | 0,9% | 0,5% | -0,5% | 0,0% | -1,4% |

# Skýringar

## Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2013 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanbuðar við rauntölur ársins.

| | Bæjarsjóður A hluti | | | Samantekin reikningsskil A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar við fjárhags-áætlun | Fjárhags-áætlun með viðaukum | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar við fjárhags-áætlun | Fjárhags-áætlun með viðaukum |
| **Tekjur** | | | | | | |
| Skatttekjur | 3.328.900 | 0 | 3.328.900 | 3.328.900 | 0 | 3.328.900 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 968.100 | 0 | 968.100 | 968.100 | 0 | 968.100 |
| Aðrar tekjur | 1.637.249 | (973.675) | 663.574 | 1.637.249 | (14.915) | 1.622.334 |
| | 5.934.249 | (973.675) | 4.960.574 | 5.934.249 | (14.915) | 5.919.334 |
| **Gjöld** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2.824.917 | (94.970) | 2.729.947 | 2.824.917 | 23.595 | 2.848.512 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 34.000 | 300 | 34.300 | 34.000 | 300 | 34.300 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.091.331 | (223.098) | 1.868.233 | 2.091.331 | 37.953 | 2.129.284 |
| | 4.950.248 | (317.768) | 4.632.480 | 4.950.248 | 61.848 | 5.012.096 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir** | 984.001 | (655.907) | 328.094 | 984.001 | (76.763) | 907.238 |
| Afskriftir | (423.710) | 186.691 | (237.019) | (423.710) | 22.872 | (400.838) |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | 560.291 | (469.216) | 91.075 | 560.291 | (53.891) | 506.400 |
| Fjármagnsliðir | (504.037) | 183.482 | (320.555) | (504.037) | 58.911 | (445.126) |
| Reiknaður tekjuskattur | 0 | 0 | 0 | (18.718) | 0 | (18.718) |
| **Rekstrarniðurstaða** | 56.254 | (285.734) | (229.480) | 37.536 | 5.020 | 42.556 |

# Skýringar

### Samanburður sjóðsteymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðsteymisáætlun fyrir árið 2013 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanbuðar við rauntölur ársins.

| | Bæjarsjóður A hluti | | | Samantekin reikningsskil A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Upphafleg fjárhags- áætlun | Viðaukar við fjárhags- áætlun | Fjárhags- áætlun með viðaukum | Upphafleg fjárhags- áætlun | Viðaukar við fjárhags- áætlun | Fjárhags- áætlun með viðaukum |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (208.863) | (20.617) | (229.480) | 37.536 | 5.020 | 42.556 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | |
| Söluhagnaður | (20.000) | 0 | (20.000) | (30.000) | 12.884 | (17.116) |
| Afskriftir | 255.634 | (18.615) | 237.019 | 423.710 | (22.872) | 400.838 |
| Verðbætur | 197.723 | (5.633) | 192.090 | 283.563 | (8.254) | 275.309 |
| Veltufé frá rekstri | 224.494 | (44.865) | 179.630 | 714.809 | (13.222) | 701.587 |
| Breytingar á skammtímaliðum: | | | | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | 0 | 159.000 | 159.000 | 0 | 159.000 | 159.000 |
| Lífeyrisskuldbinding, afborgun | (19.000) | 0 | (19.000) | (19.000) | 0 | (19.000) |
| | (19.000) | 159.000 | 140.000 | (19.000) | 157.805 | 138.805 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 205.494 | 114.135 | 319.630 | 695.809 | 144.583 | 840.392 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (207.200) | (163.750) | (370.950) | (507.800) | (163.750) | (671.550) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | 30.000 | 0 | 30.000 | 50.000 | 288.000 | 338.000 |
| Eignarhlutir í félögum | 0 | 27.000 | 27.000 | 0 | 27.000 | 27.000 |
| Langtímakröfur, breyting | 390 | (8.962) | (8.572) | 390 | (8.962) | (8.572) |
| Langtímakr. eigin stofnanir, br. | 45.284 | 5.510 | 50.794 | 0 | 0 | 0 |
| | (131.526) | (140.202) | (271.727) | (457.410) | 142.288 | (315.122) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | |
| Framlag frá eigin fyrirtæki | 0 | (43.154) | (43.154) | (93.203) | (43.154) | (136.357) |
| Tekin ný langtímalán | 385.000 | 0 | 385.000 | 465.000 | 0 | 465.000 |
| Afborganir langtímalána | (517.893) | (99.896) | (617.789) | (628.050) | (399.767) | (1.027.817) |
| Eigin fyrirtæki, breyting | 54.016 | 21.688 | 75.704 | 0 | 0 | 0 |
| | (78.877) | (121.362) | (200.239) | (256.253) | (442.921) | (699.174) |
| **Breyting á handbæru fé** | (4.909) | (147.427) | (152.336) | (17.854) | (156.050) | (173.903) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 15.608 | 167.026 | 182.634 | 33.984 | 186.234 | 220.218 |
| **Handbært fé í árslok** | 10.699 | 19.599 | 30.298 | 16.130 | 30.184 | 46.315 |